

**Nd.**

### **464. Tillaga til þingsályktunar**

um fullnaðarákvörðun vegarstæðis að Skálum á Langanesi og kostnaðaráætlun um vegargerð.


Flm.: Gísli Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á þessu ári fullnaðarákvörðun vegarstæðis frá Heiði að Skálum á Langanesi og gera kostnaðaráætlun um vegargerðina.

#### **Greinargerð.**

Árið 1936 var Langanesvegur, frá Þórshöfn að Skálum á Langanesi, tekinn í tölu þjóðvega. Vegur þessi er talinn 35 km. langur. Um helmingur vegarins, 18 km., frá Þórshöfn að Heiði (og útgerðarstaðnum Heiðarhöfn), er, ef fram fer nokkur viðgerð á köflum, slarkfær bifreiðnm. Er nokkur hluti upphlaðin braut, en að öðru leyti er sléttlendi með sjó fram, þar sem hlaða þarf upp veg á næstunni, eftir því sem umferð eykst. En á ytri hluta leiðarinnar, frá Heiði að Skálum, hefur ekkert verið unnið. Verkfræðingur frá vegamálastofunni hefur þó farið þessa leið og gert á henni athuganir, en fullnaðarákvörðun um vegarstæðið liggur ekki fyrir og þá ekki heldur kostnaðaráætlun, sem á megi byggja. En það er ýmissa manna mál, sem kunnugir eru, að vegur þessi þurfi ekki að verða mjög dýr, ef þess er gætt að þræða þá leið, sem sléttust er og þurrust.

Sæmilegur akvegur að Skálum mundi hins vegar hafa mjög mikla þýðingu fyrir þann stað og bátautgerðina við Langanes. Út af Skálum eru einhver nærtækustu fiskimið landsins og oft fiskmergð mikil á sumrum þar úti við Langanesröst, þótt



ekki fáist bein úr sjó á fjörðum inni. En á Skálum er engin örugg höfn eða lægi fyrir flutningaskip, heldur eingöngu landingu fyrir litla vélbáta. Hefur nokkuð verið unnið að því að bæta þessa landingu, og eru veittar til þess 25 þús. kr. í fjárlögum þessa árs, en á s. l. ári voru sett sérstök lög um landingarbæturnar. Á Skálum er líka erfitt um fiskþurrkun vegna votviðra. Þess væri því mikil nauðsyn, að hægt væri að flytja fiskinn landleiðis til Þórshafnar nýjan eða upp úr salti, því að þar er góð útflutningshöfn og betri veðráttu til fiskverkunar. Hin síðari sumur hafa fisktökuskip komið að staðaldri til Þórshafnar og legið þar, en hins vegar verið miklu minni möguleikar fyrir Skálabúa að koma af la sinum í verð á þann hátt. En með akvegarsambandi við Þórshöfn hefði það verið auðvelt með viðráðanlegum kostnaði.

Þrátt fyrir hina erfiðu aðstöðu er útlit fyrir, að frá Skálum rói næsta sumar eins margir fiskibáatar og rúm er þar fyrir í landingu, eins og hún nú er, og aðstaða í landi. Þegar landingin batnar, má gera ráð fyrir, að útvegurinn fari vaxandi. Það hefur eigi litla þýðingu fyrir sjómenn að geta stýtt sér leið á miðin um helming — og stundum miklu meira en það — með því að hafa bækistöð sína svo utarlega við nesið. En vegarsambandið mundi gera það miklu auðveldara en nú er að nota þessa aðstöðu.

Fyrir utan Heiði á Langanesi eru auk þorpsins á Skálum nokkrir bæir á ströndinni að sunnan og norðan, og hefur frá þeim flestum verið stundað meira og minna útræði, samhliða búskap á landi. Fyrir alla þessa byggð mundi, eins og gefur að skilja, verða mikið hagræði að þjóðvegi þessum. Virðist því, að öllu þessu athuguðu, ástæða til að ganga endanlega frá vegarstæðinu og gera sér grein fyrir því til hlitar,

hvað vegurinn kostar. Þess skal getið, að á Skálum er þegar nokkur ræktun og talsvert af ræktanlegu landi.

Bygging Langanesvegur frá Þórshöfn var hafin með frjálsum framlögum hrepps-búa fyrir nál. 20 árum, en síðan lögðu hreppur og sýsla nokkurt fé í veginn a. m. k. flest ár, unz hann var tekinn í þjóðvegatölu. Þess er vert að geta í þessu sambandi, að eitt tvíbýlisheimili á austanverðu nesinu (Eiði) lagði, aðallega á árunum 1920—1930, á eigin kostnað um 4 kílómetra upphlaðna braut yfir mjög ógreiðfært land frá bæ sínum til að komast í samband við hinn fyrirhugaða þjóðveg. Vegagerð þessi var unnin að verulegu leyti af heimilismönnum við hin allra erfiðustu skilyrði á þeim tímum árs, þegar sízt var hægt að sinna arðbærari verkefnum, vor, haust og vetur, og þá stundum í hriðarveðrum og snjó, svo lengi sem stunguþitt var eða kleift að ná ofaníburði úr melum. Svo óbilandi framfarahug, sem fram kom í þessu verki, mætti vel verðlauna a. m. k. svo, að ríkið yrði ekki til lengdar eftirhátur með þjóðveg sinn. Mundi sá skilningur með þökkum þeginn af þeim, er hlut áttu að máli og enn mega hans njóta.